

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum.

1. gr.

Í orðaskýringum 1.0 bætist við eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð:
Árekstrarvari (ACAS, Airborne Collision Avoidance System): Búnaður sem komið er fyrir í loftfari og les merki ratsjárvara annarra loftfara. Búnaðurinn segir til um hvort önnur loftför eru í nánd, hvaða hættu er á árekstri og varar flugmann við, ef þörf krefur.

2. gr.

Á eftir grein 4.5.5. bætist við ný grein 4.5.6., svohljóðandi:
4.5.6 Nú fær flugstjóri viðvörðun frá árekstrar- eða jarðvara um yfirvofandi háska og er honum þá vítalaust að víkja frá flugleiðsögufyrirmælum flugumferðarstjórnar. Slík frávik skal tilkynna flugumferðarstjórn svo skjótt sem auðið er.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

4. september 1996

Nr. 480

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. september 1996 staðfest aðalskipulag Selfoss 1995-2015. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Selfoss 1987-2007 er staðfest var 29. ágúst 1988.

Skipulagsuppráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Selfossbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.